



LANDSSAMBAND FISKELDISSTÖÐVA

Alþingi  
Erindi nr. P 131/893  
komudagur 28.2.2005

Nefndarsvið Alþingis,  
Ágúst Geir Ágústsson  
Austurstræti 8-10  
150 – Reykjavík.

Reykjavík, 25. febrúar 2005.


Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 362. mál.

Landssamband fiskeldisstöðva styður breytingu á lögum nr. 38 frá 1990 þar sem gert er ráð fyrir að heimild ráðherra til að ráðstafa 500 tonna aflaheimildum í þorski til áframeldis verði framlengd til loka fiskveiðiársins 2009/2010.

Miklar væntingar eru bundnar við eldi sjávarfiska hér á landi. Nokkur sjávarútvegsfyrirtæki og fiskeldisfyrirtæki hafa gert tilraunir á þessu sviði og lagt út í umtalsverðan kostnað til að ná árangri í eldinu. Úthlutun kvóta til áframeldis mun styrkja þessa starfsemi sem er mikilvægt meðan verið er að skjóta styrkari stoðum undir framleiðslu á þorskseiðum og þróa aðferðir við sjókvíald.

Fyrir hönd Landssambands fiskeldisstöðva.

Virðingarfyllst,



Guðbergur Rúnarsson